

Föstudaginn 20. júní 1980.

Nr. 18/1980. **Þorvarður Guðmundsson**

(Sigurður Helgason hrl.)

gegn

Bátaverkstæði Gunnlaugs og Trausta s/f

(Ragnar Steinbergsson hrl.).

Samningar. Skuldamál. Vextir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörns-son, Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jóns-son og Þór Vilhjálmsson.

Freyr Ófeigsson héraðsdómari og meðdómsmennirnir Bjarni Jóhannesson og Bjarni Baldvinsson, fyrrverandi skip- stjórar, hafa kveðið upp hinn áfrýjaða dóm.

I.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu upphaflega með stefnu 22. júní 1977. Málið var fellt niður fyrir Hæstarétti 11. febrúar 1980, en áfrýjandi áfrýjaði því að nýju samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 75/1973 með stefnu 25. febrúar 1980. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda. Í báðum tilvikum krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér máls- kostnað fyrir Hæstarétti, en að málskostnaður í héraði verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms með þeirri breytingu, að áfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér dóm- vexti af dæmdri fjárhæð frá 1. júní 1979 til greiðsludags. Hann krefst og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eftir uppkvaðningu héraðsdóms hafa áfrýjandi og Gunn- laugur Traustason komið fyrir dóm og gefið aðiljaskýrslur. Þá hafa verið lögð fyrir Hæstarétt ýmis ný gögn.

Fullnægt er skilyrðum 45. gr. laga nr. 75/1973 til að áfrýj-

andi megi bera fram nýjar kröfur og málsástæður fyrir Hæstarétti.

II.

Með samningi 28. maí 1973 tók stefndi að sér að smíða fiskibát fyrir áfrýjanda, og skyldi hann afhentur fullbúinn með haffærissskírteini. Umsamið verð fyrir bátinn með vél og öllum búnaði var 23.000.000 krónur, miðað við verðlag 15. maí 1973, en fyrirvari var gerður um verðhækkun í samræmi við hækkun kostnaðar, sem yrði á smíðatíma bátsins. Tilteknir hlutir úr vélbátnum Skálanesi, ÞH 190, skyldu notaðir í hinn nýja bát og reiknast sem framlag áfrýjanda upp í kaupverðið. Með samningi aðilja í nóvember 1974 voru gerðar breytingar á fyrri samningi, einkum varðandi vélar og tæki, og hækkaði þá umsamið verð um 4.834.414 krónur.

Hinn 23. júlí 1975 afsalaði áfrýjandi Ástvaldi Péturssyni í Stykkishólmi smíðasamningnum um vélbátinn. Verð er ekki tilgreint í afsali þessu, en sagt, að það sé háð endanlegu uppgjörsverði frá stefnda. Með símskeyti 29. júlí s. á. óskaði áfrýjandi þess, að stefndi gæfi út skipasmíðaskírteini fyrir vélbátinn á nafn Ástvalds Péturssonar. Gerði stefndi það, og er skírteinið dagsett sama dag. Þann dag afhenti stefndi Ástvaldi bátinn, sem var 35.51 rúmlest brúttó og hlaut nafnið Vinur, SH 140.

Meðal gagna máls er handskrifað yfirlit um verð vélbátsins, sem nefnt er „Nýsmíð B-9. Bráðabirgðayfirlit pr. 31/7 1975“. Niðurstöðutala þessa yfirlits er 54.290.654 krónur. Á yfirlitinu eru samningsbundnar hækkanir á vinnulaunum, tækjum, aðalvél, efni og búnaði á smíðatímanum taldar nema alls 20.176.736 krónum. Einnig er meðal gagna máls handskrifað yfirlit yfir verð á tækjum og hlutum úr v/b Skálanesi, sem áfrýjandi lagði til smíðinnar, að fjárhæð 7.361.202 krónur. Fram er komið, að Sigurður Guðmundsson, löggiltur endurskoðandi í Reykjavík, hefur gert yfirlit þessi. Í yfirlýsingu, sem hann hefur ritað, segir, að hinn 9. september 1975 hafi tveir aðiljar frá stefnda og áfrýjandi hist á skrifstofu hans. Hafi þar verið rætt um kostnaðarverð v/b Vinar

og greiðslur fyrir hluti þá úr v/b Skálanesi, sem áfrýjandi lagði til smíðinnar. Hafi náðst samkomulag um alla liði. M. a. hafi verið rætt um þá hluta af kostnaðarverði bátsins, sem stöfuðu af verðhækkunum á smíðatímanum.

Endanlegt verð á hlutum og búnaði úr v/b Skálanesi var samkvæmt reikningi 9. september 1974, undirrituðum af áfrýjanda, 8.361.202 krónur. Stafar hækkunin af því, að einn liður, stýrishús, hafði verið hækkaður um 1.000.000 krónur frá því, sem var á handskrifaða yfirlitinu, eða úr 495.000 krónum í 1.495.000 krónur.

Samkvæmt reikningi stefnda, dagsettum 17. september 1975, er verð bátsins talið 54.030.887 krónur. Á reikningi þessum nema sammingsbundnar hækkanir á vinnulaunum, aðalvél, tækjum, efni og búnaði vegna stýrishúss o. fl. 21.981.777 krónum. Er því haldið fram af hálfu stefnda, að reikningurinn sé saminn eftir fundinn 9. september í samræmi við samkomulag aðilja þar. Við þessa fjárhæð bættust tveir óumdeildir reikningar, samtals að fjárhæð 2.598.003 krónur, svo og greiðslur, er stefndi hafði innt af höndum til áfrýjanda á smíðatíma bátsins, 1.135.000 krónur. Verð bátsins var goldið með andvirði hluta þeirra úr v/b Skálanesi, sem fyrr getur, 8.361.202 krónum, reikningi frá áfrýjanda að fjárhæð 550.000 krónur og lánum úr Fiskveiðasjóði Íslands og Byggðasjóði. Samkvæmt reikningsyfirliti stefnda 10. desember 1975 nam skuld áfrýjanda hinn 31. júlí s. á. 48.852.688 krónum, og hafði þá verið tekið tillit til áðurgreindra reikninga og framlags áfrýjanda. Auk þess skuldfærði stefndi áfrýjanda fyrir vöxtum af skuld hans, eins og hún var á hverjum tíma, frá þeim degi til 31. janúar 1976, alls 2.790.395 krónum. Samkvæmt reikningsyfirliti þessu og gögnum, sem lögð hafa verið fyrir Hæstarétt, fékk stefndi tvær greiðslur úr Fiskveiðasjóði, 13.625.418 krónur 31. október 1975 og 26.648.939 krónur 5. nóvember s. á., svo og tvær greiðslur úr Byggðasjóði, 2.716.375 krónur 5. nóvember 1975 og 5.322.825 krónur 7. janúar 1976. Í janúar 1976 sendi áfrýjandi stefnda víxil að fjárhæð 1.055.000 krónur, og tók stefndi víxil þennan á nafnverði upp í skuldina miðað við 31. janúar

1976. Voru þá eftirstöðvar skuldarinnar samkvæmt reikningsgerð stefnda 2.273.526 krónur, sem var stefnukrafan í héraði.

III.

Áfrýjandi hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að hann hafi selt Ástvaldi Péturssyni v/b Vin með samþykki stefnda. Hann kveðst hafa verið á fundinum hjá Sigurði Guðmundssyni, löggiltum endurskoðanda. Þar hafi verið lagðir fram reikningar yfir endanlegan kostnað við smíði bátsins og ákveðið endanlegt verð á hlutum þeim, er hann lagði fram til smíðinnar. Hann kveðst hafa talað við Gunnlaug Traustason í síma í nóvember 1975 og spurst fyrir um „eftirstöðvar á greiðslum frá sér“. Hafi Gunnlaugur gefið sér upp 977.000 krónur, en á það kæmu vextir. Kveður hann Ástvald Pétursson hafa samþykkt vixil „fyrir þessari upphæð“, sem var sendur stefnda. Áfrýjandi kvaðst ekki hafa farið fram á yfirlýsingu stefnda um, að hann yrði leystur frá skyldum sínum samkvæmt samningi sínum og ekki fengið neina slíka beina yfirlýsingu.

Gunnlaugur Traustason, annar eigenda hins stefnda fyrir-tækis, hefur skýrt svo frá fyrir dómi, að áfrýjandi hafi beðið um leyfi til að selja Ástvaldi Péturssyni v/b Vin og hafi það verið samþykkt af stefnda. Enginn samningur hafi verið gerður milli stefnda og Ástvalds vegna kaupa þessara, og kvaðst Gunnlaugur hafa litið svo á, að áfrýjandi væri eftir sem áður viðsemjandi stefnda. Hann kvað rétt vera, að aukahlutir hefðu verið settir í bátinn að beiðni Ástvalds fyrir 614.696 krónur, en eigendur stefnda hefðu litið svo á, að Ástvaldur kæmi þar fram í umboði áfrýjanda. Gunnlaugur kvaðst hafa setið fundinn hjá Sigurði Guðmundssyni ásamt sameiganda sínum, Trausta Adamssyni, og áfrýjanda. Segir hann hlutverk fundarins hafa verið að semja um verð hluta þeirra, sem áfrýjandi lagði fram upp í kaupverð bátsins. Hann kvað engar athugasemdir um búnað bátsins hafa komið fram á fundinum. Hann kvað alla reikninga og reikningsuppgjör vegna smíði bátsins hafa verið sent áfrýjanda,

en Ástvaldur hefði hvergi komið nærri neinu uppgjöri. Hann kvað áfrýjanda aldrei hafa mótmælt endanlegri reikningsupphæð. Hann kannaðist við, að áfrýjandi hefði hringt og spurt um endanlegar eftirstöðvar verðs, en sagði, að það hefði ekki verið gefið upp, þar sem ekki lágu fyrir upplýsingar um upphæð lána úr Fiskveiðasjóði og Byggðasjóði. Hann neitaði því að hafa tjáð áfrýjanda, að eftirstöðvarnar væru 977.000 krónur.

IV.

Áfrýjandi styður ómerkingar- og frávisunarkröfu sína þeim rökum, að stefndi hafi lýst yfir því með skipasmíðaskírteininu, að v/b Vinur væri smíðaður fyrir Ástvald Pétursson og á hans kostnað. Hefði hann því átt að höfða mál þetta á hendur Ástvaldi eða á hendur honum og áfrýjanda, þar sem um „óskipta ábyrgð“ þeirra hafi verið að ræða. Ákvæði 46. gr. laga nr. 85/1936 standa því ekki í vegi, að efnisdómur sé kveðinn upp í málinu.

Sýknukröfu sína byggir áfrýjandi í fyrsta lagi á því, að hann sé ekki réttur aðili að máli þessu. Stefndi hafi samþykkt Ástvald Pétursson sem kaupanda að vélbátnum og gefið skipasmíðaskírteinið út á hans nafn. Ástvaldi hafi verið afhentur báturinn og hann hafi tekið lán í Fiskveiðasjóði Íslands og Byggðasjóði til að greiða kaupverð bátsins.

Stefndi hefur, eins og áður segir, neitað því að hafa gert nokkra samninga við Ástvald um smíði bátsins eða samþykkt hann sem skuldara í stað áfrýjanda.

Eins og áður er rakið, kom áfrýjandi fram sem viðsemjandi stefnda á fundinum hjá Sigurði Guðmundssyni endurskoðanda, og hann virðist hafa talið sig ábyrgan fyrir greiðslu eftirstöðva smíðaverðsins, er hann spurðist fyrir um það í nóvember 1975 og sendi stefnda síðan vixil sem greiðslu í janúar 1976. Áfrýjandi hefur því ekki gegn neitun stefnda sýnt fram á, að hann hafi losnað undan skuldbindingum sínum gagnvart stefnda, enda kveðst hann aldrei hafa farið fram á það. Verður því ekki á þessa málsástæðu fallist.

Í öðru lagi byggir áfrýjandi á því, að greiðsla sú, sem hann

innti af hendi með víxli í ársbyrjun 1976, hafi verið fullnaðargreiðsla á skuld sinni við stefnda. Hann hafi raunar verið búinn að borga meira en honum bar. Hækkanir, sem orðið hafi á verði bátsins, stafi eingöngu af kostnaðarliðum, sem Ástvaldur Pétursson beri ábyrgð á. Nemi liðir þessir alls 5.495.575 krónum, er sundurliðast þannig:

1. Rækjukassar, vegmælir o. fl. 614.696 krónur
2. Mismunur á hækkunum samkvæmt
bráðabirgðayfirliti 31/7 og reikningi frá
17. september 905.041 —
3. Lántökukostnaður vegna lána úr Fisk-
veiðasjóði Íslands og Byggðasjóði 1.185.443 —
4. Vextir frá 31/7 1975 til 31/1 1976 2.790.395 —

Um 1. lið.

Áfrýjandi heldur því fram, að hlutir þessir hafi verið settir í bátinn fyrir Ástvald og séu sér óviðkomandi. Af hálfu stefnda er því ekki andmælt, að Ástvaldur hafi óskað þess, að hlutir þessir yrðu settir í bátinn, en því jafnframt haldið fram, að Ástvaldur hafi óskað þess, að hlutir þessir yrðu settir í bátinn, en því jafnframt haldið fram, að Ástvaldur hafi komið þar fram í umboði áfrýjanda. Þegar litið er til þess, að hlutirnir voru settir í bátinn, meðan hann var enn í smíðum fyrir áfrýjanda, og þess, að áfrýjandi gerði ekki, svo séð verði, neina athugasemd vegna þessa kostnaðarliðar á fundinum 9. september og síðar, verður að telja, að áfrýjandi beri ekki ábyrgð á greiðslu samkvæmt þessum lið.

Um 2. lið.

Til stuðnings mótmælum sínum gegn reikningsgerð stefnda, að því er tekur til þessarar fjárhæðar, skirskotar áfrýjandi til mismunar á reikningsliðum um hækkanir vinnulauna, efnis og búnaðar o. fl. á hinu svonefnda bráðabirgðayfirliti frá fundinum 9. september 1975 og reikningsyfirliti stefnda, dags. 17. s. m. Ósannað er, að bráðabirgðayfirlitið hafi haft að geyma endanlega reikningsgerð stefnda að þessu leyti. Verða þessi mótmæli áfrýjanda því ekki tekin til greina.

Um 3. lið.

Andmæli áfrýjanda gegn þessum lið byggjast eingöngu á því, að Ástvaldur Pétursson eigi að greiða lántökukostnað, en ekki áfrýjandi. Með vísan til þess, sem áður segir um greiðsluskyldu áfrýjanda, verður ekki á andmæli hans fallist.

Um 4. lið.

Samkvæmt samningi aðilja bar áfrýjanda að greiða vexti af smíðakostnaðinum, jafnháa útlánsvöxtum banka frá þeim tíma talið, er einstakar greiðslur féllu í gjalddaga, uns greitt var. Eru aðiljar af þessu bundnir. Skírskotun samningsins til útlánsvaxta banka þykir rétt að skilja þannig, að miða eigi við víxilvexti greidda eftir á. Voru þeir 17% á ári á tímabili því, sem vaxtaútreikningur stefnda tekur til, sá sem hér er um fjallað.

Ekki er ágreiningur um, að allur smíðakostnaður var fallinn í gjalddaga í júlilok 1975, er báturinn var afhentur. Var stefnda því rétt að reikna dráttarvextina frá þeim tíma, svo sem hann hefur gert. Í reikningsgerð sinni hefur hann reiknað með 1.7% vöxtum á mánuði. Er það hærra en samningurinn heimilaði honum. Hefur hann og viðurkennt í málflutningi, að vextina hefði einungis átt að reikna 17% ársvexti, svo og að miðað við þann vaxtafót, hefðu vextir frá 31. júlí 1975 til 31. janúar 1976 verið rétt reiknaðir 2.344.247 krónur. Andmælir áfrýjandi ekki, að reikningslega sé sá útreikningur réttur.

Við það verður að miða, að innborganir á reikning áfrýjanda hjá stefnda hafi hverju sinni gengið til greiðslu þeirra vaxta, sem þá voru á fallnir, eftir því sem með þurfti. Áfrýjandi þykir þó í máli þessu mega hafa uppi andmæli gegn vaxtatöku stefnda að því leyti sem hún fór fram úr því, sem um var samið, enda er á þetta fallist af hálfu stefnda. Ber því að lækka kröfu stefnda um 446.148 krónur ($2.790.395 - 2.344.247$ krónur) vegna hinna ofreiknuðu vaxta.

Samkvæmt þessu ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda 1.827.378 krónur ($2.273.526 - 446.148$ krónur) með vöxtum, sem samkvæmt samningi mál aðilja verða svo sem hér segir: 17% ársvextir frá 1. febrúar 1976 til 1. maí s. á., 18% ársvextir frá þeim degi til 1. ágúst 1977, 20% ársvextir

frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 23% ársvextir frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 26% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1979, 28.5% ársvextir frá þeim degi til 15. júní s. á., en frá þeim degi dómvextir, þ. e. 34.5% ársvextir til 1. september s. á., 39.5% ársvextir frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvextir frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvextir frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan hæstu innlánsvextir, eins og þeir verða á hverjum tíma frá þeim degi til greiðsludags.

Akvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjana til að greiða stefnda 400.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Þorvarður Guðmundsson, greiði stefnda, Bátaverkstæði Gunnlaugs og Trausta s/f, 1.827.378 krónur með 17% ársvöxtum frá 1. febrúar 1976 til 1. maí s. á., 18% ársvöxtum frá þeim degi til 1. ágúst 1977, 20% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 23% ársvöxtum frá þeim degi til 21. febrúar 1978, 26% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 28.5% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júní s. á., 34.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september s. á., 39.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember s. á., 43.5% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa, en síðan með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma til greiðsludags.

Akvæði héraðsdóms um málskostnað er staðfest.

Áfrýjandi greiði stefnda 400.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur sjó- og verslunardóms Akureyrar 31. mars 1977.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Bátaverkstæði Gunnlaugs og Trausta s/f, Óseyri 18, Akureyri, höfðað með stefnu, útgefinni 22. febrúar sl., á hendur Þorvarði Guðmundssyni forstjóra, Skólastíg 32, Stykkishólmi. Var málið upphaflega þingfest í bæjarþingi Akureyrar þann 10. mars sl., og var þá sótt þing af hálfu stefnda, en málið var síðan flutt í sjó- og verslunardóm Akureyrar í samræmi við ákvæði í samningi aðilja með samkomulagi aðilja fyrir dóminum og síðan rekið fyrir þeim dómi.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 2.273.526 ásamt 2% dráttarvöxtum á mánuði af þeirri upphæð frá 1. febrúar 1976 til 30. nóvember 1976 og 2½% dráttarvöxtum á mánuði af sömu upphæð frá 1. desember 1976 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati dómara.

Kveður stefnandi málavexti vera þá, að hann hafi með samningi, dagsettum 28. maí 1973, tekið að sér að smíða fiskibát fyrir stefnda, og skyldi báturinn afhendast fullgerður og með hafærissskírteini eigi síðar en 30. sept. 1974. Síðar hafi breytingar verið ákveðnar á tækjum og samningur þar um verið undirritaður í nóvember 1974. Afhendingartíma hafi verið breytt í samráði við stefnda. Á árinu 1975, þegar frágangi hafi verið að ljúka, muni Þorvarður hafa selt Ástvaldi Péturssyni, Stykkishólmi, nýsmíðina og farið þess jafnframt á leit, að stefnandi gæfi út afsal til Ástvalds. Hafi stefnandi gert það með staðfestu símskeyti. Endanlegt skipasmíðaskírteini hafi síðan verið gefið út til handa Ástvaldi og báturinn hlotið nafnið Vinur, SH 140, smíðanúmer 9 og skipaskrárnúmer 1438. Stefnandi hafi engan þátt átt í samningum stefnda og Ástvalds og stefndi hafi greitt stefnanda eða ávísað greiðslum úr lánasjóðum. Stefnandi hafi sent stefnda yfirlitsreikninga og samkvæmt yfirliti, dagsettu 10. des. 1975, sem stefnda hafi verið sent, hafi skuld hans numið kr. 3.328.526. Hinn 26. janúar 1976 hafi stefndi sent stefnanda vixil að fjárhæð kr. 1.055.000 upp í skuldina og hafi hann verið tekinn sem greiðsla. Eftirstöðvar hafi því verið kr. 2.273.526, sem sé stefnukrafan í máli þessu, og hafi stefndi ítrekað verið krafinn um þá greiðslu, en engin svör fengist, þrátt fyrir að stefnandi byði upp á samninga.

Er mál þetta var fyrir tekið hér í dóminum þann 24. mars sl.,

var þing ekki sótt af hálfu stefnda, og hafa engar varnir komið fram af hans hálfu. Málið var síðan skriflega flutt og tekið til dóms nú í dag, er stefnandi hafði skilað skriflegri sókn í málinu. Ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir kröfum og málsútlistun stefnanda að því marki sem samrýmanlegt er skjölum málsins.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu umrædda samninga um kaupin svo og bréfaviðskipti sín við stefnda, enn fremur reikningsyfirlit, þar sem greiðslustaða stefnda gagnvart honum kemur fram, og eru gögn þessi í samræmi við kröfugerð stefnanda. Ber því samkvæmt framansögðu að taka kröfur stefnanda til greina að fullu. Málskostnaður ákveðst kr. 180.000.

Dómsorð:

Stefndi, Þorvarður Guðmundsson, greiði stefnanda, Bátaverkstæði Gunnlaugs og Trausta s/f, kr. 2.273.526 ásamt 2% mánaðarvöxtum frá 1. febrúar 1976 til 30. nóv. s. á., en 2½% mánaðarvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 180.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Þriðjudaginn 24. júní 1980.

Nr. 71/1980. **Raðhús h/f**
 gegn
Frosta Frostasyni.

Kærumál. Vanhæfi dómara. Ömerking. Heimvísun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 9. janúar 1980.